

# Lóðarleigusamningur

Oddviti Suðureyrarhrepps í umboði hreppsnefndar Suðureyrarhrepps leigir hérmeð **Hr. Arna Pálssyni, Hjallavegi 27, Suðureyri, Sögundaafirði.**

lóð undir hús á landi Suðureyrarhrepps með eftirfarandi skilmálum:

- Lóðin skal vera að stærð: 506 ferm.  
a) Grunnflötur húss: 120.84 ferm.  
b) Óbyggður hluti lóðar:  
í norður frá húsinu, 4.38 metrar  
í austur frá húsinu, 5.00 metrar  
í suður frá húsinu, 3.92 metrar  
í vestur frá húsinu, 7.40 metrar
- Lóðin er leigð til 50 — fimmtíu — ára talið frá dagsetningu samnings þessa.
- Bygging húss á lóðinni og viðauki við húsið skulu gerð eftir teikningu, sem lögð sé fyrir byggingarnefnd Suðureyrarhrepps og samþykkt af henni.  
Leigutaki skal hafa byrjað á byggingu húss á lóðinni innan árs frá því byggingarnefnd hefir samþykkt úthlutun lóðar til hans, annars gengur úthlutunin til baka. Hætti leigutaki við byggingu húss á lóðinni, rífi hann niður öll hús á lóðinni, eða þau brenna, þá fellur leiguréttur hans til lóðarinnar úr gildi, ef hann hefur ekki byggt hús á lóðinni að nýju innan eins árs, eftir að hlé varð á byggingarframkvæmdum, húsinn voru rifin eða þau brunnu. Ef verðmæti standa eftir á lóðinni við þessar kringsmæður, má leigusali láta selja þau á opinberu uppboði. Skal þá uppboðsandvirðið, að frádregnum kostnaði, afhent réttum aðilum. Leigusamningurinn er þar með úr gildi fallinn.
- Ársleiga af lóðinni skal vera kr. 1.00 — ein króna — af hverjum fermetra. Þó skal heimilt að hækka leigugjaldið, ef miklar almennar verðbreytingar hafa átt sér stað, en aldrei má það verða hærri en 5% — fimm af hundradí — af fasteignamati lóðarinnar, eins og það er ákveðið á hverjum tíma, og með því álagi á leiguna, sem heimilað er eða kann að verða heimilað með lögum, sbr. ákvæði laga nr. 29 frá 9. febrúar 1952.  
Leiguna skal greiða til oddvita eða umboðsmanns hans og er gjalddagi leigunnar 1. ágúst ár hvert fyrir eitt ár fyrirfram, í fyrsta sinn hinn fyrsta ágúst 1974. Sé leiga ekki greidd áður en 2 — tveir — mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal leigutaki greiða hreppnum dráttarvexti, er nemi 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem liður frá gjalddaga, unz leigan er greidd. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögfaksréttur skv. lögum nr. 29/1885. Leigutaki og veðhafar eru skyldir að hlíta því, ef í lög verða sett ákvæði um, að leigan gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.
- Vilji leigusali ekki að loknum leigutímanum, leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi að láta hús, sem þá er á lóðinni, standa þar áfram, skal leigusali greiða sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til ástands bygginganna.
- Leigutaka er heimilt að selja eða veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á henni verða gerð. Óheimilt er leigutaka að leigja lóðina öðrum til byggingar.  
Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengið gagnvart lóðareiganda með þessum leigusamningi.
- Þeri svo til, að skipulag kaupþúsins þarfnist sneiðar af lóð þessari undir götu eða opinberar byggingar, er leigjanda skylt að láta hana af hendi án sérstaks endurgjalds. Sé um mannvirki að ræða á þessum hluta lóðarinnar, skulu koma fyrir það fullar bætur samkvæmt mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um bæturnar.
- Með leigu þessarar lóðar, afsala eigendur jarðarinnar Suðureyri sér engum hlunnindum, sem jörðinni fylgja, t.d. fjörunytjum, reka, veiðum, landshluts eða annars, og er allt slíkt undanskilið.
- Leigutaka er skylt að halda uppi girðingu eða glöggum merkjum umhverfis lóðina að mati hreppsnefndar eða umboðsmanns hennar.
- Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi þessum og stimpilgjald.
- Af leigusamningi þessum eru gerð 3 — þrjú — samhljóða eint. eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.
- Mál, sem rísa kunna út af leigusamningi þessum, þarf ekki að leggja til sáttia fyrir sáttamónum. Slíkt mál skulu þingfest og rekin á þingstað Suðureyrarhrepps.

Gjört að Suðureyri 16. des 19 73

Ég undirritaður leigutaki geng að framangreindum leiguskilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Suðureyri

16. des 19 73

Vitundarvottar:

Jón Sigurðsson

Þjónni Kyrtanar

Arni Pálsson

